

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 120/235*  
*komudagur 20.11.2003*



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917


SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

**Nefndasvið Alþingis**  
**Félagsmálanefnd**  
**b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 18. nóvember 2003

**Efni: Frv. til l. um br. á l. um fæð.- og fororlof, nr. 95/2000 (13. mál).**

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að orlofslaun verði greidd af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. Leggst Verzlunarráð alfarið gegn því. Í greinargerð er ekkert tekið fram hvað slík orlofslaun myndu kosta Fæðingarorlofssjóð. Hefði það þó verið afar áhugavert einkum með tilliti til þess að kostnaðaráætlun sú sem kynnt var í greinargerð með frumv. til umræddra laga hefur fráleitt staðist. Sjóðurinn stendur mjög illa og samkvæmt upplýsingum frá Tryggingasofnun stefnir í um eins milljarða króna halla á rekstri sjóðsins eftir þetta ár. Til að snúa þessari þróun við, verður annaðhvort að minnka fjárstreymi úr sjóðnum eða auka tekjur hans. Hækkun tryggingargjalds kæmi niður á launagreiðendum og atvinnulífinu í heild. Tryggingargjald er skattur sem leggst að lokum þyngst á þá launþega sem síst mega við því.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verzlunarráðs Íslands,  
  
Sigprúður Ármann

*Póstáritun:*  
Verzlunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: [mottaka@chamber.is](mailto:mottaka@chamber.is)  
Website: [www.chamber.is](http://www.chamber.is)